

Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi 21

2. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi 21, haldinn miðvikudaginn 27.03.2019 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl.15:00.

Mætt: Arna Ír Gunnarsdóttir, Krístrún Hafliðadóttir, Júlíana Tyrfingsdóttir, Þorsteinn Hjartarson, Tómas Ellert Tómasson, Sveinn Ægir Birgisson, Óðinn K. Andersen og Jón Tryggvi Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

- 1) Sigurlaug Sigurjónsdóttir og Guðrún Ragna Yngvadóttir Arkitektar hjá Ask Arkitektum, Hermann Ólafsson Landslagsarkitekt hjá Landhönnun, Torfi G. Sigurðsson og Sigurður Gunnarsson frá Mannvit komu á fundinn og kynntu tillögur að leikskóla í Engjalandi og mögulegar útfærslur.
- 2) Sigurlaugu var falið að vinna samantekt um hugsanlegar breytingar á deiliskipulagi. Sigurlaugu er jafnframt falið að vinna tillögu að tímaáætlun fyrir hönnun og byggingu leikskólans með það að markmiði að kennsla geti hafist í skólanum haustið 2020.
- 3) Stefnt er að vinnufundi með hönnuðum, leikskólastjórum, fræðslustjóra og fulltrúa frá fræðslunefnd. Þorsteini Hjartarsyni falið að boða til slíks fundar.
- 4) Hönnuðir munu fara í leikskólann við Þelamörk í Hveragerði og ræða við starfsfólk um reynslu af húsnæði skólans.

Fundi slitið kl. 16:45